



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 5. tölublað. Maí 2006.

## EFNI:

Útboð bóluefna á Íslandi	bls. 1
Hettusótt	1
Sárasótt á Íslandi 2000-2005	2
Ný lekanda-tílfelli	2

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sígurlaug Hauksdóttir  
Þórólfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## ÚTBOÐ BÓLUEFNA Á ÍSLANDI

### Almennar bólusetningar

Útboð bóluefna sem notuð eru í almennum bólusetningum á Íslandi fór síðast fram 1999 og hefur núverandi fyrirkomulag bólusetninga að mestu verið óbreytt síðan 2000. Samkvæmt útboðsgögnum frá 1999 er gert ráð fyrir að bóluefni sem notuð eru í almennum bólusetningum verði boðin út á nokkurra ára fresti og því er kominn tími fyrir nýtt útboð.

Nýtt útboð var birt um mánaðamótin apríl-maí 2006 og er útboðinu stjórnað af Ríkiskaupum í samvinnu við sóttvarnalækni og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Eftirfarandi breytingar eru fyrirhugaðar á almennum bólusetningum á Íslandi:



Sóttvarnalæknir mælir með því að allir einstaklingar eldri en 60 ára, börn og fullorðnir með undirliggjandi sjúkdóma, svo og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu fái bólusetningu gegn influensu á hverju ári.

- Minni styrkleiki barnaveikimótefnavaka verður notaður í bóluefninu við fimm ára aldur (dTAp) heldur en nú er. Þannig má minnka aukaverkanir þeirrar bólusetningar án þess að dregið sé úr virkni hennar.

- Bólusetning gegn kikhósta verður tekin upp við 14 ára aldur. Með þeirri bólusetningu er leitast við að hefta enn frekar útbreiðslu kikhósta í þjóðfélaginu.
- Áhersla verður lögð á að nota samsett bóluefni og þannig fækka stungum hjá hverju barni.
- Hugsanlega verður hafin bólusetning gegn lifrabólgu B hér á landi við þriggja, fimm og tólf mánaða aldur.

### Bóluefni gegn influensu

Á næstunni er einnig fyrirhugað að bjóða út influensubóluefni hér á landi til árlegrar notkunar hjá einstaklingum 60 ára og eldri og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Áætlað er að hið opinbera muni kaupa um 60.000 skammta árlega sem notaðir verða skv. nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Framleiðendum influensubóluefna mun einnig gefast kostur á að bjóða í influensubóluefni þegar og ef til alheimsfaraldurs kemur.

## HETTUSÓTT

Í síðustu Farsóttufréttum var greint frá því að hettusóttarfaraldurinn sem hér hefur geymsla á undanförunum mánuðum væri í rénun. Einungis þrjár einstaklingar greindust

hér á landi með hettusótt í apríl og því er ljóst að bólusetningarátakið gegn hettusótt hefur skilað árangri.



*Sárasóttarsmit  
virðist algengara  
meðal karla  
en kvenna  
hér á landi.*

## SÁRASÓTT Á ÍSLANDI 2000–2005

Sárasótt er sjaldséður sjúkdómur á Íslandi, en á árunum 2000–2005 hafa árlega greinst 2–9 tilfelli. Flest tilfelli eru meðal innflytjenda sem smitast erlendis og greinast við eftirlit við komu til landsins. Einstaklingarnir eru oftast á aldrinum 20–39 ára og svo virðist sem smitið sé algengara meðal karla. Árið 2001 komu upp nokkur tilfelli meðal íslenskra karla sem stunda kynlíf með körlum, en hægt var að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.

### Einkenni sárasóttar


Sjúkdómnum er skipt í þrjú stig. Frumsárasótt kemur fram 10–90 dögum eftir smit með afmörkuðu sári á því svæði sem verður fyrir smiti, oftast á ytri kynfærum, við eða í endaþarmi eða í munni.

Á öðru stigi sárasóttar, eftir 4–8 vikur, koma fram einkenni, s.s. þreyta, hitavella, liðverkir, almennar eitlastækkar, útbrot og hárlos, og jafnvel heilahimnubólga.

Þriðja stigið eru síðbúin einkenni sem geta komið fram mörgum árum eftir upphaflegt smit. Þau birtast þá sem sjúkdómur, fyrst og fremst í hjarta- og æðakerfi eða miðtauga-

kerfi. Einnig geta myndast bólguhnúðar í húð, mjúkvæfjum og beinum.

Milli einstakra stiga er sárasótt einkennalaus.




### Smitleiðir

Sárasótt smitast venjulega um slímhúð kynfæra við samfarir en getur einnig smitast um aðrar slímhúðir, s.s. í munnholi og endaþarmi. Dæmi eru um að smit komist í gegnum húð, t.d. á fingrum.

Sýkt móðir getur smitað fóstur sitt á meðgöngu.

### Faraldsfræði og forvarnir

Síðastliðin ár hefur orðið vart aukningar á sárasóttartilfellum í stórborgum erlendis og er aukningin mest meðal karla sem stunda kynlíf með körlum. Samkvæmt rannsókn í Hollandi á sárasóttartilfellum árið 2004 mátti rekja 86% tilfella í karlönnum til karla sem stunda kynlíf með körlum. Smokkanotkun er árangursrík vörn gegn kysjúkdómum og hvetur sóttvarnalæknir til varúðar við skyndikynni.



*Ekkert bendir  
til þess að  
útbreiðsla  
lekandasmits  
sé í rénun.*

## NÝ LEKANDATILFELLI

Fjallað var um fjölgun lekandatilfella á Íslandi í síðasta tölublaði Farsóttafréttar. Enn eru að koma upp ný tilfelli lekanda, í apríl greindust 3 tilfelli og á fyrsta þriðjungi maímánaðar bættist enn eitt tilfelli við. Einstaklingarnir eru á aldrinum 23–35 ára, þrjár karlar

og ein kona. Það bendir því ekkert til að útbreiðsla smitsins sé í rénun. Sóttvarnalæknir ítrekar mikilvægi varúðar í kynlífi, með notkun smokka við skyndikynni. Einnig er mjög mikilvægt að fara til læknis til greiningar og meðferðar ef grunur vaknar um smit.